

Nd. **248. Frumvarp til laga** [159. mál]

um Olúsjóð fiskiskipa, olúgjald o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 105. löggjafarþingi 1982—83.)

1. gr.

Olúsjóður fiskiskipa skal starfræktur í þeim tilgangi að greiða niður verð á gas- og svartolíu til íslenskra fiskiskipa á árinu 1983 samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðuneytið setur.

2. gr.

Auk almenns útflutningsgjalds samkvæmt lögum nr. 5 frá 13. febrúar 1976, með síðari breytingum, skal innheimta sérstakt 4% útflutningsgjald er renni í Olúsjóð fiskiskipa.

Útreikningur og innheimta þessa sérstaka útflutningsgjalds skal fara eftir ákvæðum laga um útflutningsgjald af sjávarafurðum nr. 5 frá 13. febrúar 1976, með síðari breytingum. Kolmunnaafurðir til manneldis skulu undanþegnar innheimtu þessa útflutningsgjalds.

Útflutningsgjald af sölu fiskiskipa í erlendri höfn skal reiknast af brúttósöluverðmæti með sama hætti og samkvæmt ákvæðum laga um útflutningsgjald nr. 5/1976, þó þannig að útflutningsgjald sé dregið frá söluverði áður en kemur til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

Um aðrar undanþágur frá innheimtu þessa útflutningsgjalds fer eftir ákvæðum laga nr. 5/1976 með síðari breytingum.

Olúsjóði fiskiskipa er heimilt að taka lán að fjárhæð allt að 100 milljónum króna til að standa strama af niðurgreiðslu olíuverðs meðan tekjur af útflutningsgjaldi hrökkva ekki fyrir útgjöldum sjóðsins. Ríkissjóði er heimilt að veita sjálfskuldarábyrgð fyrir láni þessu og skal það undanþegið stimpilgjaldi samkvæmt lögum nr. 36/1978 um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980.

3. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í innlendri höfn, eða afhendir afla sinn til vinnslu án þess að sala fari fram, skal fiskkaupandi eða fiskmóttakandi greiða útgerðarmanni eða útgerðar-fyrirtæki olúgjald, er nemi 7% miðað við fiskverð eins og það er ákveðið af Verðlagsráði sjávarútvegsins. Hið sama gildir, þegar fiskiskip selur eða afhendir afla sinn öðru skipi. Olúgjald þetta kemur ekki til hlutaskipta eða aflaverðlauna.

4. gr.

Þegar fiskiskip selur afla í erlendri höfn, skal auk frádráttartölu kjarasamninga og stofnfjársgjalds samkvæmt lögum nr. 4/1976 draga 1% olúgjald til útgerðar frá heildarsöluverðmæti (brúttósöluverðmæti) við ákvörðun aflaverðlauna, aukaafleverðlauna og hlutar samkvæmt kjarasamningum.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 36/1978 um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980 er heimilt að fella niður og endurgreiða stimpilgjald af skuldbreytingalánum útgerðar allt að 500 milljónum króna, sem veitt hafa verið á tímabilinu frá 1. nóvember 1982 til 28. febrúar 1983.

6. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

7. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, nema þyngri refsing liggji við eftir öðrum lögum.

Með mál út af brotum á lögum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu ákvæði þeirra taka til landaðs afla á árinu 1983, nema aðilar að kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna komi sér saman um annað, svo og sjávarafurða framleiddra á árinu 1983.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er flutt í tengslum við ákvörðun fiskverðs frá 1. janúar 1983, en tillögur frumvarpsins lágu til grundvallar við þá ákvörðun. Með fiskverðsákvörðuninni 31. desember síðastliðinn, gengisbreytingu krónunnar 5. janúar og þeim ráðstöfunum, sem felast í þessu frumvarpi, er að því stefnt að tryggja rekstur sjávarútvegsins á þessu ári. Þessar ráðstafanir leysa úr þeim mikla rekstrarvanda er aflasamdrátturinn að undanfögnu hefur valdið

útgerðinni og koma í veg fyrir stöðvun flotans. Jafnframt eru fiskvinnslunni tryggð viðunandi rekstrarskilyrði og hlutur sjómanna réttur gagnvart landverkafólki, þrátt fyrir aflaryrnun.

Fiskverðsákvörðunin fól í sér 14% meðalhækkun frá því verði er áður gildi. Ákvörðun þessi var meðal annars reist á þeim forsendum að ríkisstjórnin beitti sér fyrir eftirtöldum ráðstöfunum:

1. Olúgjald yrði framlengt óbreytt árið 1983.
2. Stofnaður yrði Olíusjóður fiskiskipa til niðurgreiðslu á olíuverði til fiskiskipa. Yrði sjóðurinn fjármagnaður með tekjum af sérstöku 4% útflutningsgjaldi af sjávarafurðaframléiðslu ársins 1983, sem lagt yrði á sama stofn og hið almenna 5,5% útflutningsgjald nú.
3. Olía til fiskiskipa yrði á árinu 1983 greidd niður sem næmi 35% af olíuverði.
4. Stimpilgjald og lántökugjöld af skuldbreytingalánnum útgerðarinnar yrðu felld niður og tryggð endurgreiðsla slysatrygginga á aflahlut í slysatilvikum, skv. sjómannaöllum.
5. Fiskvinnslunni yrðu að fullu bætt kostnaðaráhrif fiskverðshækkunarinnar og þeirra ráðstafana, sem í frumvarpi þessu felast.

Í frumvarpi þessu er í fyrsta lagi kveðið á um starfrækslu Olíusjóðs fiskiskipa á árinu 1983 og fjármögnun sjóðsins með 4% útflutningsgjaldi af sjávarafurðaframléiðslu ársins 1983. Er gjaldið miðað við, að olía til fiskiskipa verði greidd niður um 35% af olíuverði en slík niðurgreiðsla er talin kosta um 400 milljónir króna á þessu ári. Gert er ráð fyrir, að Olíusjóði verði heimilt að taka allt að 100 milljón króna lán til að standa straum af niðurgreiðslu olíuverðs meðan tekjur af útflutningsgjaldi hrökkva ekki fyrir þeim útgjöldum. Þetta er nauðsynlegt, þar sem gert er ráð fyrir olíuniðurgreiðslu frá áramótum en ætla má að tekjur af gjaldinu taki ekki að skila sér að marki fyrr en að tveimur til þremur mánuðum liðnum.

Í öðru lagi er í frumvarpi þessu lagt til að þau ákvæði um 7% olúgjald á fiskverð, sem gengu úr gildi um áramót, verði lögfest að nýju og gildi á árinu 1983. Olúgjaldið leggst á fiskverð utan skipta og er greitt af fiskkaupanda til útgerðarmanns.

Olúgjald utan skipta var tekið upp með lögum í mars 1979. Gjaldið var í fyrstu 2,5% af skiptaverði og fór hæst í 12% en var síðan lækkað aftur. Frá október til ársloka 1981 var gjaldið 7,5% en 7% á árinu 1982.

Á árinu 1978, fyrir olíuverðshækkun, var olíukostnaður skipa á botnfiskveiðum 12,5% af heildartekjum. Þetta hlutfall hækkaði í yfir 16% af tekjum (án olúgjalds) 1979 og yfir 18% 1980. Fyrstu mánuði síðastliðins árs var hlutfallið komið í 19½% en er á fyrstu mánuðum þessa árs áætlað nær 22% af heildartekjum (án olúgjalds), þar af 26—27% á togaraflotanum, en 14—15% af bátaflotanum.

Í frumvarpinu er loks lagt til, að heimilt verði að fella niður eða endurgreiða stimpilgjald af allt að 500 milljón króna skuldbreytingalánnum sem útgerðinni hafa verið veitt tímabilið 1. nóvember 1982 til 28. febrúar 1983.

Hækkun fiskverðs og þær ráðstafanir, sem felast í tillögum þessa frumvarps, bæta rekstrarstöðu útgerðarinnar að miklum mun. Eftirfarandi yfirlit sýnir afkomu botnfiskveiða eins og hún er metin fyrir og eftir fiskverðsákvörðun og ráðstafanir frumvarpsins:

Hreinn hagnaður sem hlutfall af tekjum

	Fyrir %	Eftir %
Bátar	-14,1	-4
Minni togarar	-13,8	-1½
Stærri togarar	-21,3	-8½
Samtals	-14,7	-3

Þær áætlanir, sem gerðar voru um afkomu fiskvinnslunnar fyrir fiskverðsákvörðun, gáfu til kynna um 1% hagnað á frystingu og 4% hagnað á söltun. Sem fyrr segir var fiskverð hækkað um 14% frá áramótum. Vegna lækkunar á karfauppbót, sem samkomulag varð um í yfirnefnd Verðlagsráðs og jöfnuð var með hækkun á öllu fiskverði, hækkar hráefnis-kostnaður fiskvinnslunnar heldur meira eða um rösklega 15%. Hækkun hráefniskostnaðar er tæplega 16% í frystingu en rösklega 14% í söltun. Áætlað er, að hækkun fiskverðs og álagning útflutningsgjalds í Ólíusjóð auki kostnað fiskvinnslu um 12—13% af tekjum, við lægri mörkin í söltun en við efri mörkin í frystingu. Miðað við þann kostnaðarauka og gengi í byrjun janúar er talið, að á mælikvarða hreins hagnaðar sé afkoma frystingar neikvæð er nemi um 2% af tekjum en afkoma í söltun jákvæð um 1% af tekjum.

Fiskverðshækkunin nú réttir verulega hlut sjómanna í samanburði við launþega. Eftirfarandi yfirlit sýna samanburð á þróun fiskverðs botnfiskafla, þ. e. hlutar sjómanna í skiptaverði, og kauptaxta, svo og á þróun tekna sjómanna, verkamanna og iðnaðarmanna 1977—1983. Yfirlitin sýna að hlutfall fiskverðs og kauptaxta og tekna sjómanna og landverkafólks er eftir fiskverðshækkun nú hagstæðara en það hefur verið undanfarin fimm ár og raunar álika hagstætt ef ekki betra en það hefur verið frá því á árinu 1977.

Breytingar fiskverðs og kauptaxta 1977—1983.

Vísitölur, 1977=100

	Fiskverð botnfiskafla ¹⁾	Kauptaxtar allra launþega	Fiskverð/ kauptaxtar
1977	100	100	100
1978	135	155	87
1979	194	223	87
1980	279	337	83
1981	408	504	81
1982 október	744	852	87
1983 janúar	914	936	98

1) Hlutar sjómanna í skiptaverði. Hér er um hreinar verðvísitölur að ræða, sem aflabreytingar hafa ekki áhrif á.

Lauslegar áætlanir um breytingar tekna sjómanna (á botnfiskveiðum), verkamanna og iðnaðarmanna 1977—1982.¹⁾

Vísitölur, 1977=100.

	Tekjur sjómanna	Tekjur verkamanna	Tekjur iðn.manna	Sjómenn/ verkamenn	Sjómenn/ iðnaðarmenn
1977	100	100	100	100	100
1978	139	155	152	89	91
1979	227	231	222	98	102
1980	359	365	340	98	106
1981	540	565	526	95	103
Lausleg áætlun október 1982	860	952	869	90	99
Lausleg áætlun janúar 1983	1056	1046	955	101	110

1) Breytingar á tekjum sjómanna á botnfiskveiðum eru áætlaðar með tilliti til breytinga fiskverðs og afla á mann á botnfiskveiðum og breytinga á aflasamsetningu. Aflaaukning á mann er áætluð 3% 1978, um 14% 1979, um 10% 1980 og um 3% 1981. Tekjur verkamanna og iðnaðarmanna 1977 til 1981 eru samkvæmt árlegri úrtaksathugun Hagstofu og Þjóðhagsstofnunar úr skattframtölum kvæntra launþega. 1982 og 1983 er reist á breytingum kauptaxta frá 1981. Fyrir október 1982 og janúar 1983 eru sýnd dæmi um breytingar á tekjum sjómanna. Er miðað við áætlað aflamagn 1982 og tekið tillit til aukinnar sóknar vegna fjölgunar togara. Hér er um meðaltal að ræða fyrir báta og togara en aflasamdrátturinn er nokkru meiri en meðaltalið sýnir hjá togurunum.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er kveðið á um að Olíusjóður fiskiskipa skuli starfræktur til niðurgreiðslu á olíuverði. Kveðið er á um, að sjávarútvegsráðuneytið setji nánari reglur um starfrækslu sjóðsins og framkvæmd olíuniðurgreiðslna eins og verið hefur. Gert er ráð fyrir óbreyttri framkvæmd frá því sem verið hefur.

Um 2. gr.

Í 2. gr. er kveðið á um að Olíusjóður fiskiskipa sé fjármagnaður með tekjum af sérstöku 4% útflutningsgjaldi. Gjaldhlutfallið er miðað við, að tekjur af gjaldinu svari til útgjalda af olíuniðurgreiðslum sem nemi 35% af olíuverði. Til samanburðar má nefna, að olía var greidd niður um 22% á síðustu mánuðum ársins 1982. Gert er ráð fyrir, að útflutningsgjald þetta sé lagt á með sama hætti og á sama gjaldstofn og hið almenna útflutningsgjald er nú. Hið sama gildir um útflutningsgjald af löndunum erlendis en þar er þó gert ráð fyrir, að gjaldið sé dregið frá söluverði áður en til skipta kemur. Þetta ákvæði er í fullkomnu samræmi við álagningu útflutningsgjaldsins að öðru leyti. Gjaldið er lagt á verðmæti afurða á síðasta stigi og er því utan skipta og eðlilegt er að svo sé einnig um álagningu gjaldsins við sölur erlendis. Þessu er jafnframt eins háttáð hvað hið almenna útflutningsgjald varðar, þótt ekki séu um það ákvæði í lögum en til þess er tekið tillit í kjarasamningum. Þessi meðferð er ennfremur eins og sú sem kveðið er á um í lögum um stofnfjár sjóðsgjald. Með þessu ákvæði er tryggt, að útflutningsgjaldið sé lagt á með samræmdum hætti.

Í 2. gr. er loks kveðið á um heimild Olíusjóðs til lántöku en um það er fjallað í almennum athugasemdum.

Um 3. og 4. gr.

Í 3. og 4. gr. eru ákvæði um olíugjald. Þessi ákvæði eru óbreytt frá því sem var í lögum nr. 25/1982, sem giltu á árinu 1982. Um olíugjald er nánar fjallað í almennum athugasemdum hér á undan.

Um 5. gr.

Sjá almennar athugasemdir hér á undan.

Um 6. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 7. gr.

Parfnast ekki skýringa.

Um 8. gr.

Í 8. gr. er kveðið á um að ákvæði frv. um Olíusjóð fiskiskipa og álagningu útflutningsgjalds taki til sjávarafurða framleiddra á árinu 1983 og ákvæði um olíugjald taki til fiskafla og hlutaskipta á árinu 1983.